

Fundargerð 31. fundar

Verkefnastjórnar hjúkrunarheimilisins að Sólvangi.

Árið 2017, fimmtudaginn 7. desember 2017 kl. 16:00 kom verkefnastjórn hjúkrunarheimilisins saman að Sólvangi, Hafnarfirði.

Fundinn sátu: Helga Ingólfssdóttir, Elísabet Valgeirsdóttir, Gylfi Ingvarsson, Guðlaug Kristjánsdóttir og Siguður P. Sigmundsson.

Fundinn sátu einnig Kristján Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sólvangs, Stefán Veturliðason, verkefnastjóri og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri fjölskylduþjónustu sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin lögð fram.

2. Staða framkvæmda.

Stefán Veturliðason, verkefnastjóri fór yfir verkstöðu framkvæmdarinnar. Verkið er u.þ.b. 7 vikum á eftir áætlun. Tafir hafa komið til vegna erfiðrar jarðvinnu, skipta þurfti um krana en fyrst og fremst er ekki nægur starfsmannafjöldi í verkinu.

Verkefnastjórnin telur alvarlegt að verkið sé 7 vikum á eftir áætlun og vill árétta mikilvægi þess að verkáætlun verði uppfærð og verktaki sjái til þess að mannaflí sé í samræmi við verkáætlun.

3. Rekstur heimilisins.

Rætt um rekstur heimilisins en erindi fór til velferðarsráðuneytisins fyrir á árinu þess efnis að farið verði að huga að rekstraraðila fyrir heimilið og hann komi tímanlega að málum. Einnig var lögð áhersla á að Hafnarfjarðarbær hafi aðkomu að undirbúningi og gerð þjónustusamnings vegna reksturs heimilisins.

Málið verður tekið upp aftur á næsta fundi verkefnastjórnar.

Fundi slitið kl. 17:40.